

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, lóð nr. 1 við Íshellu.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna lóðarinnar Íshellu 1. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 20 m<sup>2</sup> vegna byggingar fyrirhugaðra sílóa við austurhluta byggingar. Heimiluð hámarkshæð sílóa verði 18 m. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 17. apríl til 15. maí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis, Drangahraun – Skútahraun, lóð nr. 7 við Drangahraun.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Drangahraun – Skútahraun, vegna lóðarinnar Drangahraun 7. Breytingin felur í sér breytingu á byggingarreit þannig að byggingarreitur framhúss nái að mörkum eystri lóðarmarka og að byggingarreitur bakhúss verði stytur. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 17. apríl til 15. maí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 2. júní 2020.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**